

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði, nr. 1143/2019.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað 1. og 2. tölul. 4. mgr. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

1. 60% af þeim hluta sem er umfram 22.800 kr. og allt að 40.000 kr.
2. 85% af þeim hluta sem er umfram 40.000 kr. og allt að 87.000 kr.
3. 92,5% af þeim hluta sem er umfram 87.000 kr.

b. Í stað 1. og 2. tölul. 6. mgr. koma þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

1. 60% af þeim hluta sem er umfram 11.800 kr. og allt að 25.000 kr.
2. 85% af þeim hluta sem er umfram 25.000 kr. og allt að 57.000 kr.
3. 92,5% af þeim hluta sem er umfram 57.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, öðlast gildi 1. janúar 2026.

Heilbrigðisráðuneytinu, 8. desember 2025.

Alma D. Möller.

Sigurður Kári Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025